



MOSFELLSBÆR
VIRÐING JÁKVÆÐNI FRAMSEKNI UMHYGGJA

Minnisblað til bæjarráðs Mosfellsbæjar

Efni: Minnisblað starfsmanns

Dags: 30. nóvember 2020

Málsnúmer: 201510240/2.15.1

Málsmeðferð: Til umfjöllunar

Starfsmaður: Pétur Jens Lockton, fjármálastjóri

Fasteignafélagið Lækjarhlíð ehf (FL ehf) er að fullu í eigu Mosfellsbæjar og er hluti af A hluta Mosfellsbæjar. Upphaflegur tilgangur félagsins var uppbygging og eignarhald á fasteigninni að Lækjarhlíð 1a (Íþróttamiðstöðinni við Lágafell). Á árinu 2015 samþykkti bæjarráð að selja umrædda fasteign til Eignasjóðs og byggðu forsendur sölunnar m.a. á minnisblaði KPMG.

Frá þeim tíma hefur félagið verið án rekstrar en viðskiptaskuld í árslok 2019 nam kr. 72.665.142. Ljóst er að félagið er ekki í stakk búið að standa undir endurgreiðslu á framangreindri skuld og því þarf að koma til eftirgjafar á kröfu Aðalsjóðs.

Í því sambandi er rétt að hafa neðangreint í huga.

- Þar sem FL ehf. er skattskyldur aðili mun eftirgjöf skuldar Aðalsjóðs hafa í för með sér tekjufærslu sem nemur eftirgefnum höfuðstól. Áætluð skattáhrif á því nemur 20% eða um 14,4 millj. kr.
- Félagið getur nýtt yfirfæranlegt skattalegt tap sitt á móti þeim hagnaði sem eftirgjöfin skapar en það nam í árslok 2019 36,2 millj. kr. Þar af fyrnast 7,4 millj. kr. í lok árs 2020 en 28,7 millj. kr. í árslok 2021.
- Eftirgjöf á kröfu Aðalsjóðs hefur ekki áhrif á samstæðuársreikning sveitarfélagsins þar sem um er að ræða viðskipti á milli eininga innan A hluta.

Með hliðsjón af framangreindu er lagt til að Aðalsjóður gefi eftir 50% af eftirstöðvum skuldarinnar fyrir árslok 2020 og í framhaldinu verið unnið að slitum félagsins. Tillaga þessi byggir á áður framlögðum minnisblöðum.

Virðingarfyllst,

Pétur J. Lockton
fjármálastjóri